



Stjórngrís hf  
Saltvík 1  
162 Reykjavík

Reykjavík, 29. janúar 2021  
UST202010-123/H.R.A.  
08.12.02

## Efni: Málslok

Umhverfisstofnun vísar í bréf dags. 26. október 2020, þar sem stofnunin áformaði að áminna rekstraraðila vegna fráviks, er fram kom í eftirliti stofnunarinnar í svínabúi Stjórngríss hf. að Melum í Melasveit, þann 9. júní 2020.

Frávik var eftirfarandi:

- Frávik frá gr. 4.2 í fylgiskjali með starfsleyfi.** Kvittanir um móttöku spilliefna og hættulegs úrgangs eru ekki til staðar og ekki er haldið utan um skráningar á viðhaldi og eftirliti með mengunarvarnarbúnaði. **Rekstraraðili hefur lagt fram skráningarblöð sem tekin verða til notkunar ef viðhald eða eftirlit verður á mengunarvarnarbúnaði hér eftir. Jafnframt verða kvittanir fyrir móttöku spilliefna höfð til taks fyrir eftirlitsaðila ef farið verður með slík efni til förgunar.**

Umhverfisstofnun hafa borist fullnægjandi upplýsingar um úrbætur og telst frávikunum lokið. Aðstæður verða skoðaðar í næsta eftirliti.

Gjald fyrir vinnu sérfræðings við eftirfylgni vegna frávika frá ákvæðum starfsleyfis verður innheimt samkvæmt gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015, með síðari breytingum. **Gjaldið er 39.600 kr.**

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllt

Skúli Þórðarson  
sviðsstjóri

Helga Rut Arnarsdóttir  
lögfræðingur